

Kostnaður	kr.	40 804.00
Tekjur umfram gjöld	—	3 651 526.08
		<hr/>
		Kr. 240 095 851.68

Efnahagsreikningur.

Eignir :

Seðlabankinn		kr. 7 791 098.29
Ógreidd landsútsvör:		
a. Landssmiðjan	kr. 448 317.00	
b. Sementsverksmiðjan	— 501 229.00	
		<hr/>
		— 949 546.00
Skuldabréf		— 7 000.00
Bækur		— 26 575.57
Inneign hjá sveitarfélögum		— 142 462.00
Of-úthlutað		— 134 185.06
		<hr/>
		Kr. 9 050 866.92

Skuldir :

Höfuðstóll 1. jan. 1966	kr. 5 399 340.84	
Eignaaukning 1966	— 3 651 526.08	
		<hr/>
		kr. 9 050 866.92
		<hr/>
		Kr. 9 050 866.92

Reykjavík, 31. marz 1967.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Ingólfur Guðmundsson.

Nr. 166.

GJÖF JÓNS SIGURÐSSONAR

Ársreikningur 1966.

Tekjur :

1. Eign 1. janúar 1966:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands	kr. 12 000.00	
Sparisjóðsinnstæða	— 37 634.99	
		<hr/>
		kr. 49 634.99
2. Vaxtatekjur:		
Af veðdeildarbréfum	kr. 900.00	
Af sparisjóðsinnstæðu	— 2 562.47	
		<hr/>
		— 3 462.47
		<hr/>
		Kr. 53 097.46

G j ö l d :

1. Fjölritunarkostnaður	kr. 1 220.10	
2. Eign í árslok 1966:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands Litra AA nr. 190 og 192. A nr. 1324 og 1326	— 12 000.00	
Sparisjóðsinnstæða	— 39 877.36	
		<hr/>
		kr. 53 097.46
		<hr/>
		Kr. 53 097.46

Menntamálaráðuneytið, 6. september 1967.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður Briem.

Nr. 167.

12. október 1967.

REGLUR

um skipamælingar.

I. KAFLI

FRAMKVÆMDAR FYRIRMÆLI

Umsókn skipseiganda.

1. gr.

Þegar beðið er um að mæla eða endurmæla skip, skal eigandi þess senda beiðni um það til hlutaðeigandi yfirvalds.

Beiðni þessari skal fylgja uppdráttur, ef mögulegt er.

Ef óskað er að viss rúm í skipinu séu skilin undan brúttórúmlestatölu þess, skulu fylgja uppdrættir af rúmum þessum, svo að greinilega komi í ljós ástæðan fyrir því.

Mæling eftir reglu I eða II.

2. gr.

Mæling eða endurmæling skal framkvæmd eftir reglu I (innan mæling), eða reglu II (utan mæling), en reglur þessar er að finna í II. til VI. kafla þessara reglna. Regla II skal aðeins nota, þegar regla I er óframkvæmanleg, t. d. ef skip er hlaðið, og skal yfirstjórn skipamælinga gefa úrskurð um það. Skipið skal síðan endurmæla samkv. reglu I svo fljótt, sem því verður við komið.

Mælingarskýrsla.

3. gr.

Þegar mæling fer fram, skulu málin sem tekin eru, svo og aðrar upplýsingar, sem bent er á í III. til VI. kafla, og miða að því að ákveðin verði brúttó og nettó rúmlestatatala, eins og um getur í II. kafla, 7. gr., færð inn á mælingarskýrslueyðublað það sem nota á. Þegar mælingu er lokið, skal mælingarskýrslan undirskrifuð og send til yfirstjórnar skipamælinga, til endurskoðunar og samþykkis. Við endurskoðun þessa skal yfirstjórn skipamælinga ætíð (nema þegar skip er mælt samkv.